

20. desember 2019

# Fréttatilkynning

## Fuglavernd ályktar vegna raflína

Í ljósi atburða í tengslum við nýlegt óveður hvetur Fuglavernd Landsnet og RARIK til að setja raflínur í jörðu. Er hér ekki einungis um mikilvæga hagsmuni manna að ræða, heldur einnig hagsmuni fuglalífs í landinu. Þótt neikvæð áhrif raflína á fuglalíf hafi ekki verið rannsökuð með beinum hætti hér á landi, er vitað að slíkar línur hafa mikil umhverfisáhrif víða um heim vegna áflogs fugla. Í Bandaríkjunum hefur verið metið að raflínur drepi allt að 64 milljónir fugla á ári og 30% allra ungfugla hins spænska gamm-arnar, sem er á válista, drepast árlega vegna raflína, svo eitthvað sé nefnt. Líklegt er að íslenskir ernir verði einnig fyrir afföllum vegna raflína. Sem dæmi má nefna að tveir fullorðnir ernir hafa fundist slasaðir við loftlínu sem þverar botn Kolgrafafjarðar á Snæfellsnesi. Hvorugum tókst að bjarga, þrátt fyrir nokkurra vikna aðhlyningu dýralækna og fuglafræðinga. Öruggt verður að telja að neikvæð áhrif raflína á fuglalíf Íslands séu stórlega vanmetin.

RARIK hefur í auknum mæli sett línur í jörðu á undanförunum árum, en betur má ef duga skal. Kostnaður við að leggja línur í jörð fer óðum lækkandi, og hafa ber í huga að kostnaður við viðgerðir og úrbætur loftlína, eins og þörf er á eftir síðasta ofsaveður, hleypur á gríðarlegum fjárhæðum. Vegna loftslagsváar eru nokkrar líkur á að slík veður verði algengari.

Loftlínur standast ekki kröfur um afhendingaröryggi raforku, þær valda sjónmengun og drepa fugla. Því leggur Fuglavernd til að ráðist verði í heildarendurskoðun loftlína landsins með það að leiðarljósi að koma sem flestum þeirra í jörð.

### Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Nánari upplýsingar veitir:

Ólafur Karl Nielsen | formaður Fuglaverndar | 8439935 | okn@ni.is